



# Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Bréfasími 511 5102 Netfang krfi@krfi.is, www.krfi.is

1. tbl. 2007 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

## Fundarboð

### *Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands*

*Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl kl. 17:00 í samkomusal Hallveigarstaða, Túngötu 14 í Reykjavík.*

*Dagskrá fundar skv. lögum félagsins:*

*Skýrsla stjórnar*

*Reikningar*

*Skýrslur nefnda og fulltrúa KRFÍ í nefndum og stjórnnum*

*Kosingar stjórnar*

*Önnur mál*

*Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur, flytur erindi um sögu kvennabaráttunnar á Íslandi.*

## **Það helstu úr starfi Kvenréttindafélags Íslands það sem af er afmælisárinu**

KRFÍ hélt glæsilega afmælishátíð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 27. janúar s.l eða á 100 ára afmælisdegi félagsins. Þótti hátíðin vel heppnuð og fjöldi gesta lagði leið sína í Tjarnarsalinn. Áætlað var að um 100 manns hefðu mætt á hátíðina sem lauk með veitingum í boði KRFÍ og Reykjavíkurborgar.

Heimasíða kvenréttindafélagsins hefur verið uppfærð og ekki úr vegi að fylgjast með starfinu þar en slóðin er sem áður [www.krfi.is](http://www.krfi.is). Stjórn KRFÍ hefur einnig ráðið framkvæmdastjóra, Halldóru Traustadóttur, í 50% starf og er opnunartími skrifstofunnar að Hallveigarstöðum alla virka daga kl. 9-12.

Kvenréttindafélag Íslands hefur staðið að nokkrum opnum fundum, bæði í samvinnu við aðrar kvennahreyfingar sem og á eigin vegum. Taldir upp í tímaröð, er fyrst að geta Þorablóts KRFÍ með þingmönnum í samkomusal Hallveigarstaða í febrúar. Mættu 6-8 þingmenn og var skrafað um jafnréttismál. Í öðru lagi má geta morgunverðarfundarins “Stefnumót við stjórnmalaflokkanna”, sem haldinn var á Grand Hótel 21. febrúar, sem haldin var í samvinnu við ýmis önnur kvennafélög. Þar á eftir kom fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur 8. mars – á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Fundurinn var mjög vel sóttur og þótti heppnast vel en sem fyrr voru það ýmis samtök er stóðu að fundinu. Síðast en ekki síst stóð KRFÍ fyrir hádegisfundi, 28. mars s.l. undir yfirskriftinni “Konur og pólitík – stjórnmaláþátttaka kvenna og jafnréttisstefna flokkanna. Fulltrúar sex stjórnmalahreyfinga er bjóða fram til Alþingiskosninganna í vor sátu fyrir svörum á pallborði og voru jafnréttismálin rædd. Fyrir Samfylkinguna kom Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrir Íslandshreyfinguna – lifandi land mætti Daníel Helgason, fyrir Sjálfstæðisflokkinn kom Guðfinna Bjarnadóttir, fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð kom Gestur Svavarsson, fyrir Framsóknarflokkinn kom Siv Þorleifsdóttir og fyrir Frjálslynda flokkinn mætti Ásgerður Jóna Flosadóttir. KRFÍ bauð upp á súpu og var mæting ágæt.

### **Á döfinni**

Fyrirhugað er að halda annan morgunverðarfund í fundarröðinni “Stefnumót við stjórnmalaflokkana”, þriðjudaginn 17. apríl kl. 08:00 á Grand Hótel. Á fundinum verða rædd launamál. Fundurinn verður auglýstur síðar.

KRFÍ undirbýr einnig alþjóðlega ráðstefnu 8. júní n.k. á Grand Hótel kl. 13-16:00 undir yfirskriftinni “Fara vændi og jafnrétti kynjanna saman í nútímhjóðfélagi” (vinnutitill). Um er að ræða pallborðsumræður en nokkrum erlendum gestum hefur verið boðið að taka þátt í ráðstefnunni og því haldin á ensku.

Þetta er það helsta sem er á döfinni hjá KRFÍ á næstunni en að sjálfsögðu verður hefðbundin dagskrá félagsins 19. júní auk þess sem tímaritið 19. júní kemur út að venju og verður sent til allra félagsmanna. Að því loknu stendur til að afhjúpa minnisvarða um Bríeti Bjarnhédinsdóttur í Vatnsdal á sumarmánuðunum.